

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir landshöfnina í Þorlákshöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Land landshafnarinnar er strandlengja jarðarinnar Þorlákshöfn, að jafnaði 80 metra breið landræma frá flóðlinu sjávar, en ákveðist nánar með tilliti til skipulags.

Land það, er afmarkast að norðan af þvervegi frá Skötubót að Þorlákshafnarvegi og síðan að vestan af miðjum Þorlákshafnarvegi að A-götu og þaðan af framhaldi sömu línu óbrotinni alla leið til sjávar. Á þessa línu skulu settir a. m. k. 3 fastir punktar, sem marki línuna þó núverandi Þorlákshafnarvegur breytist.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 7 menn kosnir af Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra sá, sem fer með hafnarmál, skipar formann hafnarstjórnar úr hópi stjórnarmanna, og tvo endurskoðendur.

Hafnarstjórn hefur með höndum, undir stjórn þess ráðuneytis, er fer með hafnarmál, og fyrir hönd ríkissjóðs, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum og annast fjárhald og reikningsskil.

3. gr.

Hafnarstjóri skal ráðinn sem fastur starfsmaður hafnarinnar og skipaður í starfið af ráðherra þeim, sem fer með hafnarmál.

Hafnarstjóri skal hafa framkvæmastjórn og daglegan rekstur hafnarinnar með höndum, undir umsjón hafnarstjórnar. Hann situr fundi hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjóri ræður fasta starfsmenn hafnarinnar í samráði við hafnarstjórn.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu í höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þykir einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

6. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavél og undir kötlum skipsins, svo og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu og affermingu.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á landi hennar. Þá er og skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á höfninni, nema umferð gefi tilefni til.

7. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúr-gangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Ekki má láta renna í höfnina olíu eða vatn mengað olíum.

Þegar olía er látin í skip eða tekin úr því, skal þess gætt, að ekki renni neitt í höfnina, á bryggjur eða á skipspilfar.

IV. KAFLI**Um legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.****8. gr.**

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

9. gr.

Ef til hafnarinnar leitar skip, sem á er sjúkdómur eða ástæða þykir til að ætla, að sótt hættu geti stafað af, ber hafnarstjóra að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

10. gr.

Þegar skip kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til bryggjuvarðar, sem segir honum hvar skipið megi liggja.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skyllt skal að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt.

11. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur tiltekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnarstjóra með a. m. k. þriggja klukkustunda fyrirvara.

12. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

13. gr.

Í sérhverju skipi (að þeim undanskildum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlauis í höfninni), skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað skv. reglugerð þessari.

14. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

15. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa a. m. k. eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að liggja við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbatum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn.

16. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun bryggjuvarðar. Séu landfestar úr járn, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifu eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

17. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggjur eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur er þau hleypa burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjur eða hafnarbakka.

18. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af.

19. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það, að álitu hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

20. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr því, skal hafnarstjóra gert viðvart. Hann ákveður, hvar það skuli fara fram.

Við upp- og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert fari fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Ekki má láta kol á bryggju eða hafnarbakka. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

21. gr.

Pegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi, er þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en farmeigandi eða skipseigandi greiðir allan kostnað sem af því leiðir.

22. gr.

Með leyfi hafnarstjóra má leggja skipum í lægi á ytri höfninni. Skipin eru þar á ábyrgð skipseiganda, en skal lagt undir umsjón hafnarstjóra. Hann ákveður legustaðinn, og samþykkir legufæri.

V. KAFLI**Um fermingu og affermingu skipa.****23. gr.**

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, acetón, terpentínu eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dynamit eða þess konar efni, mega ekki fara inn í höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra og hafnarstjóri hefur leyft affermingu, undir umsjá slökkviliðsstjóra.

24. gr.

Um útskipun á þeim efnum, sem um getur í 23. gr. gilda sömu varúðarreglur og um affermingu.

25. gr.

Áliti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

26. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfimu efni, sem um getur í 23. gr. skulu á daginn hafa rautt flagg á framsiglutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

VI. KAFLI**Um gjöld til hafnarinnar.****27. gr.**

Öll skip, sem eru 12 rúmlestir eða stærri, skulu greiða hafnargjöld til hafnar-sjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða hálf lestagjald en fullt bryggjugjald ef þau koma að bryggju. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestum.

Lestagjald og bryggjugjald.**28. gr.**

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald kr. 2.00 fyrir hverja brúttórúmlest í hvert sinn, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, með þeim undantekningum, er áður getur. Lægsta gjald kr. 100.00.

Skip, sem leita til hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna.

29. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring kr. 1.50 af hverri brúttólest, þó aldrei minna en kr. 100.00.

Hafnargjöld fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestir.

30. gr.

- a. Opnir bátar greiði 500 kr. á ári.
- b. Fiskiskip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar, þrjú mánuði samfleytt á almanaksárinu eða lengur, skulu greiða kr. 60.00 í lesta- og bryggjugjöld af hverri brúttó rúmlest á ári. Gjaldalagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjú mánuði.
- c. Önnur fiskiskip, sem hafa fasta viðlegu um skemmri tíma í höfninni greiði kr. 20.00 í lesta- og bryggjugjald af hverri brúttó rúmlest á mánuði.
- d. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í landshöfninni, skulu greiða krónur 2.00 í lesta- og bryggjugjöld, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni. Þó greiðist þetta gjald ekki oftar en 10 sinnum á almanaksmánuði.

Gjöld þau, er um getur í grein þessari skulu greidd hvort sem skipin liggja við bryggju eða bólvirki eða utan á bátum eða skipum.

Um vörugjöld.

31. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, er síðar getur.

32. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

33. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Af vörum, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi og af vörum, sem settar eru á land ogeiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert gjald.
- b. Olía, kol, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar.
- c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- d. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

34. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skip-

stjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast, svo sem vega afla á vog hafnarinnar gegn vigtargjaldi, sem hafnarnefnd ákveður. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

35. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera 10 krónur. Leiki vafi á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

Vörugjaldskrá.

36. gr.

Brotfluttar og aðfluttar vörur:

1. flokkur: Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Kol, koks, salt, tilbúinn áburður, fóðurvörur, kornvörur, matvörur í stórum umbúðum, garðávextir, steypustyrktarjárn, smíðajárn, steinefni til bygginga, sement, keðjur, kaðlar, vírar, veiðarfæri og aðrar þunga-
vörur.
2. flokkur: Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Oliur alls konar og benzín.
3. flokkur: Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:
Vélar, varahlutir, rafmagnsvörur, miðstöðvarefni, vatnsrör og pípur, byggingavörur o. t. a.
4. flokkur: Gjald fyrir kr. 12.00 fyrir hver 100 kg:
Vefnaðarvörur og fatnaður úr hvers konar efni, efni til fatnaðar, skótau, gosdrykkir, matvörur í smærri umbúðum, efnisvörur til iðnaðar. Vörur o. t. a., sem reiknast eftir þyngd.
5. flokkur: Gjald kr. 15.00 fyrir hver 100 kg:
Sprengiefni.
6. flokkur: Gjald kr. 3.50 fyrir 0.1 ten.m.:
Trjáviður, húsgögn, hljóðfæri og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

Þrottfluttar sjávarútvegs- og landbúnaðarafurðir:

7. flokkur: Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
Hraðfrystur fiskur og ísaður, saltfiskur, fiskimjöl, sildarmjöl, lýsi.
8. flokkur: Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:
Síld og hrogn í tunnum.
9. flokkur: Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:
Skreið, niðursuðuvörur og aðrar útfluttar afurðir o. t. a.
10. flokkur: Gjald fyrir hvert stykki:

Stórgripir	kr.	30.00
Sauðfé, loðdýr	—	10.00
Tómar tunnur og kassar o. þ. h.	—	4.00

11. flokkur: Gjald fyrir hver 100 kg:

1. Fiskur, annar en sild og loðna	kr.	4.00
2. Loðna til bræðslu	—	1.50
3. Sild til bræðslu	—	2.50
4. Sild til vinnslu	—	5.00
5. Humar	—	10.00

Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

37. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

Ef affermdar vörur eru látnar í geymsluhús hafnarinnar skal greiða kr. 2.00 fyrir hvert stykki, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið, enda sé varan tekin innan þriggja daga. Fyrir aðra vörugeymslu greiðist það gjald, sem um semst við hafnarstjóra.

38. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar og geymsluhús, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

39. gr.

Vigtargjald skal vera kr. 8.00 fyrir hverja smálest sem vegin er á vog hafnarinnar. Allar þær vörur, sem um höfnina fara og ekki fylgja skjalfestar sannanir um þunga, sem hafnarstjórn tekur gildar, skulu vegnar á vog hafnarinnar. Sé vegin notuð á öðrum tíma sólarhrings en á venjulegum vinnutíma og sé ekki um sleitulausa vigtun að ræða, greiðir sá sem vigtunar óskar þann aukakostnað, er af því hlýzt.

VIII. KAFLI

Hafnsaga og hafnsögugjald.

40. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar að leita hafnar í landshöfninni og óskar eftir að nota hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnsögumanns, verði því við komið, og með hæfilegum fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið, allt að 1 sjómílu frá landi á venjulegri siglingaleið. Visar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagst við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

41. gr.

Ef sjúkdómar eru á skipinu eða ástæða er til að ætla að sóthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

42. gr.

Hvert það skip, sem óskar eftir að nota hafnsögumann til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald sem hér segir:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 350.00 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 brúttó rúmlestir, og 100 aurar fyrir hverja brúttó rúmlest frá 100 til 3000 brúttó rúmlestir, og 50 aura fyrir hverja brúttó rúmlest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 350.00 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 brúttó rúmlestir, og 50 aura fyrir hverja brúttó rúmlest frá 100 til 3000 brúttó rúmlestir, og 25 aura fyrir hverja brúttó rúmlest þar yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist 200.00 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 brúttó rúmlestir og 30 aurar að auki fyrir hverja brúttó rúmlest fram yfir 100.
- d. Fyrir að vera úti í skipum greiðist 500 krónur á sólarhring eða hlutar úr sólarhring, þar til hafnsögumaður er aftur kominn heim, auk þess greiðist fæði og útlagður ferðakostnaður heim.

IX. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu gjalda o. fl.

43. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

44. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnar-sjóður hefur haldsrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar.

45. gr.

Samkv. 37. og 38. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóðum hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarstjóra skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar byrjað er að flytja vörurnar um borð í skipið.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum, unz gjaldið er greitt.

46. gr.

Leigu af lóðum hafnarinnar greiðir sammingsaðili.

47. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjóra um afnotin.

48. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki.

49. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð landshafnarinnar.

50. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 61 13. maí 1966 um landshöfn í Þorlákshöfn til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um hafnargjöld í Þorlákshöfn, sbr. reglugerð nr. 83 frá 15. apríl 1952 og nr. 78 frá 24. apríl 1963.

Samgönguráðuneytið, 5. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um sóttkví og einangrun á innfluttum minkum.

1. gr.

Meðan ríkið kemur ekki á fót einangrunarstöð eða sóttkví fyrir innflutta minka, skal innflytjandi sjá um einangrun dýranna á sinn kostnað og ábyrgð.

Til einangrunar í þessu skyni má nota loðdýrabú fyrir minka, ef þau fullnægja að mati veiðistjóra ákvæðum reglugerðar um loðdýrarækt. Ef reist er sérstök einangrunarstöð, skal tilhögun og útbúnaður samþykktur af yfirdýralækni og veiðistjóra, áður en þangað er fluttur minkur.

Meðan á sóttkví stendur, skal eigandi dýranna ásamt hirði eða umsjónarmanni gæta þess, að eftirgreindar reglur séu virtar og svara til saka, ef brot eiga sér stað.

2. gr.

Hver sá, sem fengið hefur leyfi landbúnaðarráðuneytisins til þess að flytja minka til landsins, skal, ef dýrin reynast heilbrigð við komuna til landsins og þeim fylgja tilskilin, fullgild vottorð, þegar í stað flytja dýrin í sóttkví.

Við flutning minka í sóttkví skal þess gætt, að dýrin séu geymd í læstum kössum eða búrum og flutt í lokuðum vögnum og komi ekki í snertingu við önnur dýr. Þess skal vandlega gætt, meðan á flutningi stendur, að hvergi slæðist eða verði eftir neitt það, sem smíthætta getur stafað af, t. d. hálmur, hey, saur, matarleyfar, áhöld o. a. þ. h. Að loknum flutningi skal þegar í stað hreinsa og sótthreinsa flutningstæki að fyrirsögn embættisdýralæknis.